



Félagsheimilið á Blönduósi ehf. AÐALFUNDUR – 8. Maí 2008

Aðalfundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi fimmtudaginn 8. maí 2008 klukkan 17,00 í félagsheimilinu.

Mæting samkvæmt undirskriftum..

Dagskrá:

1. Farið yfir framkvæmdir á húsinu.
2. Samningu um flygil.
3. Fara yfir rekstur hússins.
4. Önnur mál.

Formaður, Nína Margrét setti fund og stjórnaði honum.

Afgreiðslur:

1. Stefán Árnason, byggingarfulltrúi sagði frá því að það ætti að klæða húsið að utan, laga þakið og anddyrið. Stefán vék af fundi.
2. Skoðaður var samningur sem gerður var vegna flygils félagsheimilisins, en hann hefur verið lánaður í kirkjuna og mun vera staðsettur þar. Stjórn telur samninginn í lagi en gerir smávægilegar athugasemdir við orðalag hans. Stjórn vill að útbúinn verði skjöldur sem tilgreinir gefendur, eigendur og árið sem flygillinn var gefinn. Skjöldur þessi skal vera settur á flygilinn..
3. Heiðar húsvörður fór yfir rekstur hússins, hvað hefur verið í húsinu og hvað er framundan.
4. Húsverði var falið að kanna hjá bíóhúsum í Reykjavík og vita hvort þeir væru að skipta út sætum. Einnig að kanna hvað ný sæti kosta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)
Erna B. Jónmundsdóttir (sign.)
Heiðar Svanur Óskarsson (sign)

Kristín Guðjónsdóttir (sign)